

## SAMÞYKKT

### fyrir Veiðifélag Minni-Vallalækjar.

1. gr.

Nafn félagsins er Veiðifélag Minni-Vallalækjar.

2. gr.

Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður þess er búsettur hverju sinni.

3. gr.

Félagsmenn eru skráðir eigendur/ábúendur eftirtalinna jarða og landareigna, sem land eiga að Minni-Vallalæk frá upptökum til ósa, en þær eru: Stóri-Klofi, Króktún, Skarð, Litli-Klofi, Fellsmúli, Stóru-Vellir, Minni-Vellir, Múli, Hellar og Vindás.

4. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Til að slík framkvæmd nái fram að ganga þarf atkvæði 2/3 fundarmanna og skal geta þess í fundarboði að slík ákvörðun liggi fyrir fundinum. Féluginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Féluginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Stjórnarmenn skulu eiga aðild að féluginu eða starfa í umboði þeirra sem getið er í 3. gr. Stjórnarmenn ganga úr stjórninni á víxl í samræmi við fjölda stjórnarmanna, þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár og så þriðji eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram. Stjórnin skiptir með sér verkum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema sérstök forföll hamli, eða ef hann hefur verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal þrijá varamenn til eins árs í senn. Kjósa skal tvo skoðunarmenn og einn skoðunarmann til vara ár hvert.

6. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjáreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veitir slík leyfi í umboði hennar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðítíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

7. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða ven slamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmælaréttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundi.

Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin. Rísi ágreiningur um lögmæti ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í féluginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Fiskistofu. Kærufrestur er þrír mánuður frá því að ákvörðunin var tekin.

## 8. gr.

Aðalfundi í féluginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Aukafundi skal boða eigi síðar en 5 dögum fyrir fundardag, símleiðis, með tölvupósti eða skriflega. Skylt er að boða fundi í féluginu með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar, og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

Nú er ráðgert að breyta samþykkt, arðskrá eða ráðstafa veiði og skal þess getið í fundarboði. Nú fer atkvæðagreiðsla fram á fundi skv. fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, þar sem ráðast á í framkvæmdir sem hafa fjárlát í för með sér er nema a.m.k. 25% af tekjum félagsins af veiði á því starfsári. Þá getur hver félagsmaður krafist þess að ákvörðun ráðist með greiðslu atkvæða er hafi vægi í samræmi við arðskrá félagsins. Gildir þá ein einging í arðskrá hjá félagsmanni sem hefur atkvæðisrétt, sem eitt atkvæði, sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók.

Á félagsfundi skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundi skulu skráð í fundargerðabók.

## 9. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 15. apríl ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári ásamt fjárhagsáætlun félagsins fyrir komandi starfsári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og ályktar fundurinn um þá. Aukafundi skal halda eftir þörfum eða ef  $\frac{1}{4}$  félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

## 10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

## 11. gr.

Arði af sameiginlegrí veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

## 12. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar refsingu samkvæmt VIII. kafla laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

## 13. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir veiðifélagsins.

*Fiskistofu, 14. febrúar 2011.*

**Árni Ísaksson,**  
forstöðumaður lax- og silungsveiðisviðs.